

Framhaldsskólinn á Laugum



Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020

Andri Hnikarr Jónsson

Bjarney Guðrún Jónsdóttir



Inngangur	3
Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum.....	4
Markmið Framhaldsskólans á Laugum	4
Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2019-2020.....	5
Mat og matsaðferðir veturinn 2019-2020	6
Kennslukannanir	7
Niðurstöður kennslukannana.....	7
Viðhorfskannanir.....	9
Skólapúlsinn	9
Stofnun ársins	10
Námsver á Vopnafirði	11
Stafsmannaviðtöl	12
Greining á tölulegum gögnum	12
Foreldrakönnun.....	13
Heimavistarkönnun.....	13
Úrbætur	14
Heimildir.....	17
Viðauki 1 – Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum	18
Viðauki 2 – Foreldrakönnun – ábendingar svarenda	19
Viðauki 3 – Niðurstöður úr foreldrakönnun	19
Viðauki 4 – Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2019-2020).....	20

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í dreifbýli sem hefur verið starfræktur sem slíkur síðan 1988. Saga skólahalds á Laugum er mun lengri en samfellt skólastarf hefur verið á Laugum síðan 1925 þegar Alþýðuskóli Þingeyinga tók til starfa.

Einkunnarorð skólans eru *metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi*. Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum upp á vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að skólinn sé framsækinn og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustur og velferð nemenda og starfsfólks. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Skóli er stofnun sem á að vera í stöðugri þróun. Innra mat er einn liður í því að tryggja að svo sé. Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. og 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat á að spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila. Með því er hægt að stuðla að umbótum og auknum gæðum innra starfs auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Sjálfsmatsteymi er skipað að skólameistara og í því sitja tveir kennarar. Núverandi teymi er á öðru starfsári sínu og í því sitja Andri Hnikarr Jónsson og Bjarney Guðrún Jónsdóttir. Sjálfsmatsteymi skilar af sér skýrslu í lok hvers skólaárs sem birtist á heimasíðu skólans. Sjálfsmatið á að tengjast stefnu og markmiðasetningu skólans og leggja mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd hennar og eftirfylgni.

Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum

	Haust 2019	Vor 2020
Dagskólanemar	78	71
Nemendur utan skóla	20	31
Nemar í Námsveri á Vopnafirði	4-5	4-5
Kennarar	13	12
Brottfall	5,8%	7,0%
Brautskráðir	0	16
Einingarfjöldi	2759	2991
Einingum lokið	2285 (82,8%)	2578 (86,2%)

Dagskólanemum hefur fjölgað á milli ára í skólanum og útlit er fyrir frekari fjölgun á næsta skólaári.

Tekin hefur verið upp ný aðferð til að mæla og meta brottfall úr áföngum sem gefur aðrar tölur en notaðar hafa verið síðustu ár, því er samanburður ómarktækur og verður ekki settur fram hér. Breytingin felur í sér að til viðbótar við einingafjölda sem nemendur skráðu sig úr eða voru látnir skrá sig úr áður bætast við einingar í þeim áföngum sem nemendur eru ekki að sinna og skila engu námsmati. Ekki hafa verið sett fram ný markmið en út frá tölum skólaársins 2018-2019 er hægt að gera sér betur grein fyrir niðurstöðum þessarar nýju mæliaðferðar. Brottfall á haustönn 2018 var 13,4% en á vorönn 2019 var brottfallið 13,1%. Það kom svo risastökk á haustönn 2019 og var brottfallið einungis 5.8% en hækkaði í 7,0 % á vorönn 2020 en það má ætla að Covid 19 hafi haft einhver áhrif á þá tölu. Viðmið hafa verið sett fyrir næsta skólaár og má finna í úrbótaráætlun skólaársins 2020-2021.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum

Meginmarkmið Framhaldsskólans á Laugum tengjast námskrá framhaldsskólans ásamt því að leggja áherslu á sérkenni skólans. Einkunnarorð skólans metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi fléttast svo inn í allt starf skólans þannig að allir fái notið sín í leik og starfi.

Áherslan er á að í skólanum sé:

- ✓ Góður staðblær og skólabragur
- ✓ Verkefnavinna og símat með áherslu á námshæfni hvers og eins
- ✓ Öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- ✓ Notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilþáttur í starfseminni

Metnaður

Nemendur og starfsfólk hafi metnað fyrir því sem við gerum, fyrir okkur sjálfum og skólanum okkar og stuðlum að bættum árangri með því að:

- ✓ Setja markmið og fylgja þeim
- ✓ Vita hvað við viljum og hvert við stefnum
- ✓ Vera óhrædd við að gera mistök á leiðinni

Trúmennska

Nemendur og starfsfólk er trú sjálfum sér og skólanum og stuðla þannig að betri líðan með því að:

- ✓ Styðja hvert annað
- ✓ Gæta sameiginlegra hagsmuna

Tillitsemi

Nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi með því að:

- ✓ Bera ábyrgð á líðan sinni og hegðun

Glaðlyndi

Nemendur og starfsfólk gefi af sér og bæti skólabraginn með því að:

- ✓ Vera til staðar og hafa ánægju af verkefnum sínum

Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2019-2020

Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótarstarfs. Því er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans. Hér að neðan má sjá þá þætti og matsaðferðir sem voru notaðar á skólaárinu 2019-2020 en skólinn hefur sett fram sjálfsmatsáætlun til næstu fjögurra ára sem sjá má á heimasíðu skólans.

Mat og matsaðferðir veturinn 2019-2020

- ✓ Kennslukönnun á meðal nemanda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á efninu, námsmatsaðferðir, viðmót og fleira. Könnunin er megindleg netkönnun
- ✓ Mat kennara á eigin áföngum í lok hverjar annar. Samanburðarspurningar úr áfangamati settar inn af sjálfsmatsnefnd eftir að niðurstöður eru klárar ef ástæða þykir
- ✓ Námsver- unnið út frá árlegri skýrslu verkefnastjóra námsvera
- ✓ Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, úrskrift, brottfall, meðaleinkunna, skólasókn og fleira
- ✓ Starfsmannaviðtöl
- ✓ Árangur í grunnþáttum
- ✓ Viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks um líðan, skólabrag, einelti og fleira
- ✓ Viðhorfskönnun foreldra til skólans
- ✓ Heimavistarkönnun, könnun á meðal nemenda um aðbúnað á heimavistum og í mötuneyti skólans
- ✓ Skólafundur-farið yfir einkunnarorð skólans

Matsaðferðir og gagnaöflun 2019-2020

Tímaáætlun sjálfsmats				
	H-2020	V-2020	Hver	Hvernig
Kennslukannanir	Raung/írþ.brau	Fél.br/Kjörsvið	Nemendur	Netkönnun
Námsver		Maí	Verkefnastjóri	Skýrsla
Starfsmannaviðtöl		mars	Skólastjóri	Viðtöl
Viðhorfskönnun	nóv		Nemendur	Skólapúlsinn
Mat kennara á eigin áföngum	des	maí	Kennarar	Netkönnun
Greining á tölulegum gögnum	des/jan	júní	Áfangastjóri	Inna
Foreldrakönnun		jan	Foreldrar	Netkönnun
Stofnun ársins		x	Starfsmenn	Netkönnun
Heimavistarkönnun		mars	Nemendur	Netkönnun
Endurskoðun áætlunar	nóv		Sjálfsmatsnefnd	Úrbótaráætlun
Ný matsáætlun		maí	Sjálfsmatsnefnd	
Sjálfsmatsskýrsla			Sjálfsmatsnefnd	

*Athugið að ekki náðist að leggja fyrir heimavistarkönnun vegna Covid 19 ástandsins

Kennslukannanir

Kennslukannanir eru gerðar á báðum önnum vetrarins og skiptum við þeim upp eftir brautum. Á haustönn var gerð könnun í áföngum á náttúrufræði- og íþróttabraut en á félagsfræði- og kjörsviðsbraut á vorönn ásamt því að gera könnun á almennu brautinni. Á könnuninni eru 25 svarmöguleikar þar af eru 20 með svarmöguleikunum mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála. Ein spurning um hvort nemendur sækja verklega kennslu í áfanganum með já og nei svari og í framhaldi af því fjórar spurningar varðandi verklega kennslu með sömu svarmöguleikum og í fyrstu 20 spurningunum. Ein opin spurning er í könnuninni þar sem nemendur geta komið einhverju sérstöku á framfæri.

Matskvarðinn sem sjálfmatsnefnd setti upp í kennslukönnunum er eftirfarandi:

- ❖ Mjög sammála =1
- ❖ Frekar sammála = 2
- ❖ Frekar ósammála =3
- ❖ Mjög ósammála =4

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda sé með einkunnina 1 eða 2 en úrbætur virkjaðar ef hlutfallið fer niður fyrir 85%.

Kennslukannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í Microsoft forms og er það breytt fyrirkomulag frá því sem áður var en þá voru kannanirnar skriflegar. Kennarar fengu link inn á könnunina og settu inn á sína hópa í gegn um Moodle eða Teams.

Niðurstöður kennslukannana

Niðurstöður kennslukannanna er yfir heildina mjög jákvæðar á haustönninni og eru aðeins þrjár spurningar sem ná ekki matsviðmiðum sem hafa verið sett fyrir skólaárið 2019-2020 . Á vorönninni voru fleiri spurningar sem náðu ekki matsviðmiðum.

Haustönn – Svarhlutfall 70%

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum í þessum áfanga	79.7%	20,3%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	84,6%*	15,4%
Kennarinn bendir mér á hvar ég geti bætt mig	82,2%	17,8%

Í þessum þremur spurningum, sem snúa að upplýsingagjöf kennarans og skipulagi áfangans, eru viðmiðin rétt undir 85% markinu.

Vorönn – Svarhlutfall 34%

Spurningar	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Voru markmið, kennsluáætlun og námsmat skýr í upphafi annar	84,4%*	15,6%
Fagtímarnir í áfanganum er áhugaverðir	79,7%	20,3%
Fagtímarnir í áfanganum eru skipulagðir	82,6%	17,4%
Fagtímarnir í áfanganum nýtast mér vel	84,4%*	15,6%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í fag tímum	76,5%	24,5%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum í þessum áfanga	79,6%	20,4%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri	81,2%	18,8%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýninn hátt	81,2%	18,8%
Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga	76,5%	23,5%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	79,7%	20,3%
Kennarinn bendir mér á hvernig ég geti bætt mig í áfananum	81,2%	18,8%
Mér gengur vel í þessum áfanga	84,3%*	15,7%

*ómarktækur munur

Nokkur margar spurningar náðu ekki settum markmiðum um 85% svarhlutfall á valmöguleikum 1 og 2. Hins vegar verður ekki hjá því horft að svarhlutfall nemenda á vorönninni var ekki nema 34% í þeim áföngum sem áfangamatið var lagt fyrir. Það verður að teljast mjög líklegt að ástæðan fyrir þessu lága svarhlutfalli sé sú að nemendur voru sendir heim um miðjan mars vegna samkomubanns stjórnvalda og komu ekki aftur í skólann á þessari önn. Áfangamatið var því lagt rafrænt fyrir þau en nemendur ekki látnir svara matinu í fag tímum eins og áður hefur verið gert.

Það er því erfitt að bera niðurstöðurnar fyrir vorönnina með sanngjörnum hætti saman við aðrar annir þar sem svarhlutfall er yfirleitt á bilinu 60 – 80%.

Spurningakönnunina sjálfa má sjá í viðauka 1 og heildarniðurstöður fyrir báðar annir má sjá í viðauka 2.

Viðhorfskannanir

Skólapúlsinn

Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2019 og var svarhlutfallið 79,3 %. Þegar horft er í niðurstöður Skólapúlsins þá eru nokkrir þættir sem standa út úr.

1. Námsumhverfi:

Skólinn kemur almennt séð vel út og er á eða alveg við sett viðmið í öllum þáttum. Stóra bætingin er í kaflanum "Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum" en þar hækkar skólinn um 30,4% á milli ára og er tæpum 13% yfir viðmiðum sem er mjög jákvætt.

2. Virkni í námi:

Hér kemur skólinn ágætlega út en það er eftirtektarvert hvað það er mikil bæting á þáttum sem tengjast fjarveru og er skólinn að skora hærra en flest öll viðmið í þessum þætti könnunarinnar. Það rýmar við raunmætingu vetrarins sem hefur aldrei verið betri. Hægt er að sjá tölur um raunmætingu hér neðar í kaflanum "Greining á tölulegum gögnum".

3. Líðan

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan	4,0	64	0,5	4,7	1.415	-0,7*
3.2. Hamingja	71,9%	46/64	11,5%	75,6%	1064/1419	-3,7%
3.3. Sjálfsálit	4,3	61	0,4	4,7	1.401	-0,4*
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,7	60	0,1	4,5	1.364	-0,8*
3.5. Þunglyndi	11,9%	7/59	-14,1%	11,6%	170/1311	0,3%
3.6. Kvíði	29,8%	17/57	-5,4%	23,8%	342/1303	6,0%
3.7. Svefnleysi	35,6%	21/59	-10,8%	38,7%	482/1309	-3,1%
3.8. Einelti	12,1%	7/58	-2,5%	10,8%	157/1304	1,3%
3.9. Áreitni og ofbeldi	39,3%	22/56	7,1%	21,2%	298/1300	18,1%*

www.nidurstodur.skolapulsinn.is

Eins og sjá má á þessari töflu þá hefur skólinn bætt sig í öllum þáttum nema einum en er samt undir viðmiðum yfir landið. Það er greinilegt að skólinn hefur verið á réttri leið í vetur varðandi líðan nemenda en það er þáttur sem þarf alltaf að vera að huga að og vinna með. Verkefnið er að halda

áfram að finna leiðir til að bæta enn betur þessa þætti skólastarfsins. Það er áhyggjuefni að áreiti og ofbeldi virðist vera aukast aftur eftir að hafa verið á niðurleið síðustu ár og greinilegt að skólinn þarf að skoða þann þátt sérstaklega næsta vetur.

4. Opin svör:

Eftir að hafa skoðað opin svör í Skólapúlsinum þá kemur í ljós að þau ríma við niðurstöður úr foreldrakönnun. Mesta óánægjan virðist tengjast fjölbreytni í mötuneyti skólans og skipulagi í þvottahúsi en þvotturinn er of mikið að tynast. Einnig er aðeins komið inn á að upplýsingagjöf mætti vera betri. Aftur á móti eru jákvæðu punktarnir mun fleiri og lýsa bæði foreldrar og nemendur skólanum sem heimilislegum og persónulegum þar sem krakkarnir treysta starfsfólki og flestum virðist líða vel í umhverfinu.

Stofnun ársins

Ánægjulegt er að sjá að Framhaldsskólinn á Laugum hefur hækkað sig í öllum mældum þáttum frá fyrra ári. Mesta hækkun milli ára er í starfsanda og best stendur skólinn þegar kemur að vinnuskilyrðum, sveiganleika í starfi og sjálfstæði í starfi. Áberandi verst er skorið í hlutanum launakjör en þar er hækkunin líka minnst á milli ára. Skólinn er yfir landsmeðaltali í öllum þáttum og því hefur skólinn náð þeim árangri sem settur var fram í upphafi skólaárs að ná meðaltali í öllum þáttum.

Eins og sjá má á myndinni fyrir stakar spurningar þá er hæsta skorið í spurningum er varðar þau áhrif sem starfsmaðurinn sjálfur hefur á starfið og um ánægju með matar- og kaffiaðstöðu. Lægst skora hins vegar spurningar um launakjör. Það má mögulega rekja til þess að skólinn hefur lengi verið neðanlega í samanburði framhaldsskólanna á heildarlaunum kennara.

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Fimm hæstu einkunnir stofnunar



Fimm lægstu einkunnir stofnunar



Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki.



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

Aðrar niðurstöður og ítarlegri er hægt að nálgast á heimasíðu skólans:

<https://laugar.is/wp-content/uploads/2020/06/Stofnunarsins2019-2020.pdf>

Námsver á Vopnafirði

Fjórir nemendur hófu nám í Námsveri í haust, nokkrar breytingar urðu á nemendahópnum yfir skólaárið. Einn nemandi hætti námi í nóvember og stuttu eftir það færðust tveir nemendur frá Vopnafirði í Námsverið vegna agabrota á heimavist. Um áramót færði einn nemandi sig úr Námsveri yfir í dagskólann á Laugum og einn nemendi færði sig frá Laugum yfir í Námsver til að ljúka námi sínu þar. Í mars gafst þeim nemendum sem voru færðir vegna agabrota kostur á að fara aftur á heimavist sem annar þáði en hinn ákvað að halda áfram námi við Námsverið.


Þegar framhaldsskólum landsins var lokað vegna Covid 19, var tekin sú ákvörðun að nemendur Framhaldsskólans á Laugum sem voru á Vopnafirði gátu sótt aðstoð í Námsverið með skráningum í tíma. Aðeins var tekið á móti einum nemenda í einu. Þetta úrræði nýttu nokkrir sér en nýtingin var betri í lok annar heldur en í byrjun ástandsins.

Stafsmannaviðtöl


Skólameistari tók alla starfsmenn í einstaklingsviðtöl í apríl og maí vegna Covid 19 en ætlunin var að taka viðtölin í mars. Í viðtalinu sem tók um 40 mínútur, var ákveðinn viðtalsrammi til grundvallar sem starfsmönnum hafði verið kynntur fyrirfram. Þar voru teknir fyrir þættir sem vörðuðu starfslýsingar, starfsmanninn sjálfan (framtíðarsýn, styrkleikar og veikleikar), vinnuumhverfi og starfsaðstæður. Viðtölin gengu vel og gáfu viðtölin til kynna að starfsmenn væru almennt ánægðir í starfi sínu.

Greining á tölulegum gögnum

Þau markmið sem skólinn hefur sett sér varðandi mætingu og meðaleinkunnir nemenda eru virkilega krefjandi sé horft á árangur síðustu ára. Hæsta meðaleinkunn sem skólinn hefur náð síðustu árin er 6,6 en horft er til þess að ná einkunninni upp í 7,0. Árangur haustannar þennan skólavetur var með því betra sem skólinn hefur náð, 6,5 í einkunn. Á vorönninni var meðaleinkunnin hins vegar 7,1 þrátt fyrir Covid-19 samkomubannið og það sem því fylgdi. Það er árangur sem kennarar og skólastjórnendur þurfa að horfa til og vinna með til að ná stöðugri bætingu uppávið.



Mæting og meðaleinkunn eru þættir sem haldast gjarnan í hendur. Mæting þennan veturinn var með besta móti en á haustönn var mætingin 85,5% og hefur ekki verið svo há í mörg ár, ef einhvern tímann. Þar náði skólinn þeim markmiðum sem sett hafa verið um lágmark 85% meðalmætingu. Mæting var áfram mjög góð fram í miðjan mars (rauða súlan) þegar samkomubann skall á vegna Covid-19. Ómögulegt er að segja til um hvort hún hefði haldist eða jafnvel batnað og ekki verður hægt að nota hana til samanburðar seinna meir en hún gefur ákveðnar upplýsingar um hversu vel nemendur sóttu skólann þennan vetur.



Horfa þarf sérstaklega í það hvað vel var gert í þjónustu við nemendur þetta skólaár. Greina þarf hvað það var sem skilaði þessum góða árangri í ástundun og árangri nemenda í námi. Byggja þarf á þessari niðurstöðu til framtíðar. Eitt af því sem breytt var fyrir haustönn 2019 var að ráðinn var inn sérstakur “Vinnustofukennari” sem hafði það eina hlutverk að aðstoða og fylgjast með nemendum í námstímum og hóptímum. Þessi starfmaður hafði í vetur mjög góða yfirsýn yfir nemendur og hafði tök á að ýta við nemendum sem slökuðu á og upplýsa kennara mun fyrr en áður hefur verið.

Foreldrakönnun

Í janúarmánuði var lögð fyrir foreldrakönnun á netinu. Þetta er í fyrsta skiptið sem slík könnun er gerð í skólanum og var könnunin send á alla foreldra barna yngri en 18 ára. Svarhlutfall var 80,8%.

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda séu að svara með einkunnina 1 eða 2 í könnuninni.

Óhætt er að segja að skólinn kom mjög vel út úr könnuninni og nær allar spurningar hennar eru yfir matsviðmiðunum sem skólinn setur sér. Þó eru vísbendingar um að skólinn geti bætt sig varðandi upplýsingagjöf til foreldra og þjónustu í þvottahúsi skólans.

Hægt er að sjá heildarniðurstöðu könnunarinnar og ábendingar frá foreldrum í viðauka 3.

Heimavistarkönnun

Ekki náðist að leggja fyrir heimavistarkönnun vegna Covid-19 ástandsins og samkomubannsins.

Úrbætur

Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:

Helstu niðurstöður sem huga þarf að og finna leiðir til úrbóta eru:

- *Skólinn þarf að setja sér skýr markmið til framtíðar um árangur í námi, mætingum og virkni nemenda. Þessi markmið þurfa að vera raunhæf og endurspegla það sem stjórnendur og starfsmenn skólans vilja ná fram. Einnig þurfa markmiðin að vera sýnileg öllum starfsmönnum skólans og þeim haldið á lofti sem sameiginlegt viðmið allra starfsmanna til að vinna í sömu átt.*
- *Passa þarf að stefnur og áætlanir á heimasíðu skólans séu uppfærðar og endurbættar reglulega.*
 - *Áætlun um einelti gildir út 2019.*
 - *Engin áfallaáætlun sýnileg á heimasíðu.*
 - *Jafnréttisstefna gildir út 2019.*
 - *Engin umhverfisstefna til svo vitað sé.*
 - *Stefna í forvarnir og heilsusamlegum lífsháttum er ekki til en skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og mætti skerpa á þeirri vinnu og nýta til að móta slíka áætlun.*
 - *Starfsmannastefna ekki til.*
- *Vinna þarf að bætti líðan nemenda og passa að fylgjast vel með þeim þætti skólastarfsins.*

Greining á útbótaáætlun síðasta árs:

Skólinn hefur sett fram skýr og mælanleg markmið varðandi árangur og mætingar nemenda og líðan. Markmiðin byggja á skólasamningi og viðmiðum úr Skólapúlsinum og hægt verður að leita upplýsinga um árangur á hverju ári úr Innu, heimavistarkönnun og Skólapúlsinum.

Unnið hefur verið með nokkrar stefnur og áætlanir frá síðasta ári.

- Eineltisáætlun hefur verið uppfærð
- Engin áfallaáætlun er til
- Jafnréttisáætlun hefur verið uppfærð
- Stefna í forvörnum er ekki til.
- Starfsmannastefna er ekki til.

Unnið hefur verið í því á þessu skólaári að bæta líðan nemenda, m.a. með bættum aðgerðum er varðar móttöku nýnema að hausti. Góður árangur hefur náðst í þessum málaflokk og bæting er í öllum

mælanlegum þáttum í Skólapúls. Hins vegar er skólinn enn undir viðmiðum og því nauðsynlegt að halda þeirri vinnu áfram sem unnin var í vetur með góðum árangri.

Úrbótaáætlun fyrir 2020 - 2021

Mælanleg markmið skólans:

- Meðaleinkunn - að lámarki 7,0 (mælist með Innu)
- Meðal raunmæting - yfir 80% (mælist með Innu)
- Brottfall úr áföngum - undir 5,0% (mælist með Innu)
- Nemendafjöldi - 100 nemendur í fullu námi (mælist með Innu)
- Líðan nemenda;
 - Líðan á heimavist – að lámarki 90% líði vel (mælist með heimavistarkönnun)
 - Heildarlíðan (mælist með “Skólapúslinn”):
 - Vellíðan - að lámarki 4,7 stig
 - Hamingja – að lámarki 75,6%
 - Sjálfálit - að lámarki 4,7 stig
 - Stjórn á eigin lífi - að lámarki 4,5 stig
 - Þunglyndi - minna en 11,6%
 - Kvíði - minna en 23,8%
 - Svefnleysi – minna en 38,7%
 - Einelti – minna en 10,8%
 - Áreitni og ofbeldi – minna en 21,2%
- Stofnun ársins;
 - Líðan starfsfólks:
 - Að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum í köflunum “Ánægja og stolt” og “Starfsandi”.
 - Stjórnun:
 - Að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum í kaflanum “Stjórnun”
- Kennslukannanir
 - Markmið
 - Að lámarki 85% nemenda telji að námsmat og kennsluhættir séu fjölbreyttir
 - Að lámarki 85% nemenda teljið að markmið, kennsluáætlun og námsmat séu skýr í upphafi anna.

- Að lámarki 85% nemenda telji að kennari útskýri námsefni vel í fagtímum
- Að lámarki 85% nemenda telji sig fá tækifæri til þess að vinna með öðrum í áföngum.
- Að lámarki 85% nemenda telji sig fá leiðbeinandi mat um stöðu sína í áföngum.

Skólayfirvöld þurfa að passa að yfirfara reglulega áætlanir og stefnur í takt við tíðarandann sem ríkjandi er hverju sinni. Vinna þarf áfallaáætlun og mögulega væri hægt að tengja hana við “Viðbragðsáætlun FL” sem nú þegar er til og er aðgengilega á heimasíðu skólans. Einnig þurfa skólastjórnendur að láta útbúa starfsmannastefnu.

Heimildir

Skólapúlsinn. (2020, júní). <https://laugar.is/wp-content/uploads/2020/06/skolapulsinn2019.pdf>

Stofnun ársins. (2020, júní). <https://laugar.is/wp-content/uploads/2020/06/Stofnunarins2019-2020.pdf>

Sjálfsmatsskýrsla 2018-2019. (2020, júní). <https://laugar.is/wp-content/uploads/2019/10/sjalfsmat2018-2019b.pdf>

Viðauki við skólasamning 2015-2019. (2020, júní). <https://laugar.is/wp-content/uploads/2016/02/FLPDF-Vi%C3%B0auki-vi%C3%B0-sk%C3%B3lasamning-2015-2019.pdf>

Viðauki 1 – Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum

1. Voru markmið, kennsluáætlun og námsmat skýr í upphafi annar.
2. Fagtímarnir í áfanganum eru áhugaverðir
3. Fagtímarnir í áganganum eru skipulagðir
4. Fagtímarnir í áfanganum nýtast mér vel
5. Kennarinn útskýrir námsefnið vel í fagtímum
6. Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum
7. Góður vinnuandi er í fagtímum í þessum áfanga
8. Góður vinnuandi er almennt í námstímum – **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**
9. Ég nýti hóp- og námstíma vel til að vinna verkefni áfangans – **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**
10. Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim
11. Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga
12. Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri
13. Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnin hátt
14. Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða
15. Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga
16. Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga.
17. Kennarinn bendir mér á hvernig ég geti bætt mig í áfanganum
18. Námsmatið í þessum áfanga er sanngjarnt
19. Mér gengur vel í þessum áfanga
20. Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga
21. Er eitthvað sem þú villt koma á framfæri að lokum varðandi t.d. kennsluhætti, viðmót kennara eða annað viðkomandi áfanganum?
22. Ég fer í verklega tíma í þessum áfanga - **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**
23. Ef "Já" í spurningu 22: Tímarnir eru áhugaverðir - **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**
24. Ef "Já" í spurningu 22: Verklegir tímar eru vel skipulagðir - **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**
25. Ef "Já" í spurningu 22: Verklegir tímar nýtast mér vel - **Ekki spurt á vorönn vegna Covid**

Viðauki 2 – Foreldrakönnun – ábendingar svarenda

Hvað finnst þér vera gott við skólann?

Okkur finnst gott hversu lítill og persónulegur skólinn er. Vel er haldið utanum þarfir barnsins okkar og ef eitthvað er hefur skólinn farið fram úr okkar væntingum.

Vel rekinn skóli, minnir á stórt heimili annað en framhaldsskólinn sem við kynntumst fyrst. Sá var stór og ópersónulegur

Fámennur og heimilislegur skóli sem heldur utan um alla eins og fjölskylda

Samstaða

Hvað finnst þér að mæti bæta í starfi skólans?

Tungumálakennsla

Upplýsingaflæði til foreldra finnst mér ábótavant.

Þvottahús, föt tínast allt of mikið,

Mætti leggja áherslu á meiri fjölbreytni og hollustu í fæðinu

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Kærar þakkir til skólastjórnenda, kennara og annara starfsmanna. Þið eruð búin að búa til einstakt samfélag. Takk

Krakkarnir eiga ekki að þurfa að eltast við að kennarar skrái rétt niður mætinguna þeirra.

Þakklæti

Fæðið of dýrt

Viðauki 3 – Niðurstöður úr foreldrakönnun

Niðurstöður úr foreldrakönnun má sjá á eftirfarandi link:

https://framhaldsskolinnalaugum-my.sharepoint.com/:b:/g/personal/bjarney_laugar_is/EYZGnvAOjohNmtd44krLT4oBW9r6KFR8UPbQu7tRpd5QKw?e=ZXw5bM

Viðauki 4 – Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2019-2020)

Sjálfsmatsteymi yfirfer gátlista þennan einu sinni á ári. Því skal vera lokið fyrir lok haustannar. (Unnið upp úr leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla)

Farið er yfir hvort eftirfarandi atriði skólanámskrár eru aðgengileg á heimasíðu skólans og hvort þurfi að uppfæra þær eða breyta.

Gátlisti: Innihald skólanámskrár	Já	Nei	Athugasemdir
Sérstaða skólans	x		
Stefna skólans og framtíðarsýn	x		
Árleg starfsáætlun skóla	x		
Skólanefnd	x		
Skólaráð	x		
Starfsmannastefna		x	
Jafnréttisstefna	x		
Umhverfisstefna		x	
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum	x		Heilsueflandi framhaldsskóli
Áætlun um einelti	x		
Áfallaáætlun			
Námsbrautalýsingar	x		
Áfangalýsingar	x		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, námsver og fjarnám	x		
Námsaðstaða og aðbúnaður við nemendur	x		
Þjónusta við nemendur: leiðsögn, námsráðgjöf og sértæk námsúrræði	x		
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag	x		
Félagslíf nemenda		x	Sér síða spurning um að setja link á nemendafélagið
Almennar skólareglur	x		
Heimavistarreglur	x		

Skólasóknarreglur	x		
Viðurlög við brotum á skólareglum	x		
Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála	x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögaldri		x	Aðallega það sem tengist skráningu veikinda ólögráða nemenda
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nærsamfélag	x		
Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati	x		Langtímaáætlun ekki birt
Matsáætlun fyrir skólaárið		x	